

REGLUGERÐ

221

21. febr.

um skyldutryggingar.

Stjórn og deildaskipting.

1. gr.

Slysaftryggingin er sjálfstæð deild í Tryggingarstofnun ríkisins og hefir sérstakan fjárhag aðskilinn frá öðrum deildum stofnunarinnar. Ráðherra skipar deildarstjóra fyrir deildina að fengnum tillögum forstjóra Tryggingarstofnunarinnar. Heimili og varnarþing Tryggingarstofnunar ríkisins, og um leið slysaftryggingardeildarinnar, er í Reykjavík.

2. gr.

Yfirlæknir Tryggingarstofnunarinnar eða sérstakur læknir, sem Tryggingarstofnun ríkisins kynni að ráða til þess, skal vera forstjóra og deildarstjóra slysaftryggingarinnar til ráðuneytis og aðstoðar við úrskurðun slysabóta.

Heimilt er forstjóra að fá sér lögfræðilega aðstoð við úrskurði og ákvörðun um rétt til bóta, og önnur lögfræðileg vafatriði, sem fyrir koma.

3. gr.

Slysaftryggingin skiptist í þrjár deildir, sem halda skal aðgreindum: sjómanna-tryggingu, iðntryggingu og frjálsa tryggingu samkvæmt 8. gr. laganna, síðustu málsgrein. Þó má til bráðabirgða nota fé úr sjóði einnar deildarinnar til þess að greiða með halla, sem verða kann á annari, en endurgreiða skal fé það þegar deildin verður þess megnug. Nánari ákvæði um frjálsa tryggingu eru sett í sérstakri reglugerð.

Sameiginlegur kostnaður við deildirnar greiðist af þeim í hlutfalli við upphæð iðgjalda.

Tryggingarsvið.

4. gr.

Tryggingarskyldan nær til:

- a. Farmanna, fiskimanna og annara sjómanna, sem lögskráðir eru á íslensk skip, svo og til fiskimanna og farmanna á róðrabátum og vélbátum minni en 12 smálesta.
- b. Verkamanna og starfsmanna, er vinna fyrir kaupni í þeim starfsgreinum, sem greindar eru í reglum, útgefnum í dag, um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysaftryggingar, kafla II A, með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 8. gr. laganna.

5. gr.

Heimilt er að tryggja með skyldutryggðu verkafólki atvinnurekendur og annað fólk, sem vinnur við sama fyrirtæki, þótt ekki sé tryggingarskylt, en tilkynna verður það fyrirfram. Slík trygging skal skráð á nafn, og iðgjöld greidd fyrirfram.

Bótaskylda.

6. gr.

Skylda tryggingarinnar til slysabóta er bundin við það, að slys hafi orðið í starfstíma manns, sem iðgjald ber að greiða fyrir, við tryggingarskylda vinnu eða beint

221 í þágu hennar. Undir starfstíma heyrir einnig tími sá, er fer til að fara frá og til 21. febr. vinnu.

7. gr.

Slys samkvæmt slysaftryggingarlögunum telst hverskonar áfall eða áverki, er maður verður fyrir í tryggingarskyldri vinnu óviljandi, á ákveðnum tíma, vegna ákveðins, óvænts atviks, enda valdi áfallið eða áverkinn finnanlegu heilsutjóni þegar í stað, eða þannig að rakið verði til áfallsins.

Bótaskyldan er háð eftirtöldum takmörkunum:

1. Það telst eigi bótaskyldt slys, þótt tryggður maður veikist í vinnu eða deyi úr sjúkdómi við vinnu sína, nema því aðeins, að — eða að svo miklu leyti sem — vinnan sjálf eða sú áhætta, sem henni kann að vera samfara umfram áhættuna í daglegu lífi, sé hin beina orsök heilsu- eða líftjónsins.

Slysaftryggingunni er heimilt að krefjast líkskoðunar í vafatilfellum, og getur synjun um líkskoðun varðað bótamissi.

2. Það telst eigi bótaskyldt slys, ef tryggður maður hefir af ásettu ráði stofnað sér í fyrirsjáanlega hættu og slasast þannig. Undantekning frá þessu ákvæði er þó það, ef maður hættir lífi sínu og slasast við björgun mannlífs.
3. Það telst eigi bótaskyldt slys þótt áfall eða áverki í slysaftryggðri vinnu verði til þess, að sjúkdómur eða bilun, er hinn tryggði kann að hafa haft fyrir, uppgötvist eða komi fram, nema að svo miklu leyti sem áfallið (áverkinn) telst hafa valdið því, að sjúkdómurinn eða bilunin hafi versnað, enda sé eigi líklegt að slík afturför hefði á orðið án sérstaks áfalls og sé eðli áfallsins þannig, að eigi megi telja það með áhættum, sem hinu daglega lífi eru jafnan samfara almennt.

4. Það telst eigi bótaskyldt slys, ef tryggður maður, sem er á leiðinni frá eða til vinnu, eða í sendiför í þágu atvinnufyrirtækis þess, er tryggir hann, fer að nauðsynjalausu um sérstök hættusvæði, vitandi um hættuna, og slasast þar.

Sama máli gegnir, ef tryggður maður leggur lykkju á leið sína í þágu einhvers annars en atvinnufyrirtækisins og slasast í þeirri aukaferð.

5. Það telst eigi bótaskyldt slys, ef tryggður maður brýtur visvitandi lögreglu-samþykktir eða aðrar reglur, sem settar eru til opinbers öryggis — þar með taldar öryggisreglur, sem settar kunna að vera til þess að afstýra slysum á vinnustöðvum — og slasast þannig, enda geti hann eigi fært sönnur á að honum hafi verið ókunnugt um reglur þessar eða samþykktir.

Atvinnusjúkdómar.

8. gr.

Komi fram einhver eftirtalinna sjúkdóma hjá slysaftryggðum manni, sem fengizt hefir við einhver þau störf, í slysaftryggðri vinnu, sem kunn eru að því að valda slíkum atvinnusjúkdómi, er sá sjúkdómur bótaskyldur eftir sömu reglum og gilda um slys, enda verði orsakir sjúkdómsins raktar til slíkra starfa.

Sjúkdómurinn telst byrja þann dag, er hann kemur greinilega í ljós, enda sé það staðfest af lækni, að um atvinnusjúkdóm sé að ræða.

Þessir atvinnusjúkdómar eru bótaskyldir:

1. Blýeitrun, er fram kemur af völdum blýs eða blýsambanda við hverskonar slysaftryggða vinnu.
2. Lungnasjúkdómar, er fram koma vegna innöndunar á steinryki og steinefnum við slysaftryggða vinnu.
3. Miltisbrandssýking, er fram kemur sem bein afleiðing slysaftryggðrar vinnu við skepnuhirdingu, slátrun eða meðferð sláturafurða, sem miltisbrandssmitun getur stafað af.

9. gr.

221

21. febr.

Nú kemur í ljós sjúkdómur, sem eigi hefir verið talinn hér að framan, hjá slysatryggðum manni og telur læknir sjúkdóminn stafa beinlínis af skaðlegum efnunum, sem notuð eru við ákveðinn tryggingarskyldan starfa og það álit reynist á fullum rökum byggt að dómi tryggingaryfirlæknis, og er þá tryggingarráði heimilt að bæta sjúkdóminn að nokkru eða öllu leyti.

Tilkynning slysa.

10. gr.

Öll slys skal tilkynna til tryggingarinnar svo fljótt, sem auðið er.

Nú verður tryggður maður fyrir áfalli, sem ekki veldur óvinnufærni fyrir en nokkru síðar og skal þá, ef hann krefst slysabóta og tryggingin viðurkennir slysið bótaskyld, miða biðtíma og tilkynningarskyldu við þann dag, sem hinn slasaði taldist hafa orðið óvinnufær af völdum áverkans.

Afgreiðsla slysamála.

11. gr.

Forstjóri tryggingarinnar úrskurðar, hvort slys sé bótaskyld. Úrskurði forstjóra má skjóta til tryggingarráðs.

Nú stafar slys af óafsakanlegu gáleysi slasaða sjálfs, og er tryggingunni þá ekki skyld að bæta það.

12. gr.

Eigi er tryggingunni skyld að greiða slysabætur né sjúkrahjálp fyrir en öll nauðsynleg gögn, þar á meðal vottorð um tryggingu, eru komin henni í hendur.

13. gr.

Læknishjálp, lyf og kostnaður við sjúkrahúsvist greiðist eftir löggiltum gjaldskrá og taxa sjúkrahúsa, samþykktum af heilbrigðisstjórn.

Heimilt er Tryggingarstofnuninni að gera sérstakan samning við hlutaðeigandi aðilja hér um.

14. gr.

Nú hafa verið greiddir hámarksdagpeningar og sjúkrahjálp fyrir slys, en hinn slasaði þó ekki full vinnufær. Er Tryggingarstofnuninni þá heimilt með ráði læknis tryggingarinnar að úrskurða hinum slasaða meiri sjúkrahjálp, ef það telst geta orðið til þess að draga úr örorku og þannig færa niður greiðsluskyldu tryggingarinnar vegna væntanlegra örorkubóta.

Hinn slasaði er skyldur til að hlíta slíkum ákvörðunum eða verða ella af hluta örorkubótanna í hlutfalli við þá bót, sem tryggingarlæknir telur að af aðgerðinni myndi hafa leitt. Enginn er þó skyldur til að hlíta lækniáðgerð, sem telst geta haft í för með sér hættu fyrir líf hans eða limi.

15. gr.

Nú slasast skipverji, sem skráður er á skip stærra en 12 smálestir, en er óvinnufær skemur en í 10 daga og er tryggingin þá eigi bótaskyld, sbr. 10. gr. alþýðu-tryggingalaganna, og fer þá um rétt hans eftir sjómannaögunum.

Iðgjaldagreiðendur.

16. gr.

Atvinnurekendur, sem reka tryggingarskylda atvinnu, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem vinna í þjónustu þeirra við tryggingarskyld störf.

221 Iðgjöld skipverja, sem ráðnir eru í annara þjónustu gegn hluta úr afla, ber 21. febr. útgerðarmanni að greiða, en sé um að ræða sameiginlega útgerð allra skipverja, greiðast iðgjöldin af óskiptum afla skipsins.

Iðgjöld fyrir frjálsa tryggingu greiðir sá, er tryggingar beiðist, um leið og tryggingin er skrásett, sbr. 20. gr. laganna.

17. gr.

Nú tekur einstaklingur að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá ábyrgð á greiðslu iðgjalda vegna þeirra, sem hjá honum vinna.

Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

Sé hinsvegar um að ræða vinnu, sem unnin er samkvæmt ákvæðisvinnugjaldskrá, er gilda milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda, ber vinnuveitandi ábyrgð á iðgjaldagreiðslu.

Umboðsmenn tryggingarinnar.

18. gr.

Lögreglustjórar eru umboðsmenn tryggingarinnar. Þeir skrásetja allar tryggingar, innheimta iðgjöldin, sbr. þó 3. málsg. þessarar greinar og 15. gr. laganna, síðasta málsg., og gera fullnaðarreikningssskil að liðnu hverju ári. Þeim ber og að ganga eftir því, og hafa með því eftirlit, að allir tryggji, sem tryggingarskyldir eru, og telji rétt fram til tryggingar, og iðgjöld séu greidd á tilsettum tíma.

Lögreglustjórar geta látið hreppstjóra annast skrásetningu trygginga og innheimtu iðgjalda hvern í sínum hreppi, og ber þeim þá hálf innheimtulaunin.

Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld sín beint til tryggingarinnar. Iðgjöld fyrir iðntrygginguna greiðast og beint til slysatryggingardeildarinnar af atvinnurekstri í Reykjavík, nema iðgjöld fyrir bifreiðarstjórn, er greiðist til tollstjórans í Reykjavík.

Hreppstjórar, er annast skrásetningu til tryggingar, senda tilkynningu um slys við atvinnurekstur, sem þeir hafa skrásett, til lögreglustjóra áleiðis til tryggingarinnar, eða ef hentara þykir, beint til tryggingarinnar.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu ávallt, er þeir senda tilkynningar um slys, hafa sannreynt, hvort slasaði var tryggður, er slysið varð, og láta tilkynningunni fylgja vottorð um, að þeir hafi gert það.

Framtöl.

19. gr.

Allir þeir, sem reka tryggingarskylda vinnu samkvæmt 8. gr. laganna, 2. tölul., skulu halda sérstaka og nákvæma nafnaskrá yfir þá menn, sem tryggðir eru, með tilgreindum tíma, sem hver maður er tryggður. Sé um að ræða tryggingu manna í tímavinnu, ber að skrá nafn og tíma daglega, og sé þar með talinn sá tími, sem fer til að fara til vinnu og frá. Eftir niðurstöðum og samtölum skráanna, að árinu liðnu, og áhættu vinnunnar samkvæmt áhættuflokkun, ber að telja fram endanlega til tryggingar og ákveða fullnaðariðgjöldin.

20. gr.

Iðgjöld skal greiða fyrirfram, í sjómannatryggingunni fyrir ráðningartímann um leið og lögskráð er, eða ráðning fer fram, en í iðntryggingunni í ársbyrjun, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, ef það starfar eigi nema hluta úr ári. Ef iðgjaldið fer fram úr 1000 kr., má greiða það í tvennu lagi, í byrjun hvers misseris, ef þess

er óskað. Er iðgjaldið áætlað samkvæmt upplýsingum í tilkynningu þeirri, sem senda skal um fyrirtækið í ársbyrjun, eða þegar það tekur til starfa, en hið endanlega iðgjald er ákveðið að árinu loknu, eða þegar fyrirtækið hættir, ef það starfar eigi út árið, samkvæmt upplýsingum um mannahald og vinnumagn fyrirtækisins, í því formi sem slysatryggingin segir fyrir um. Ef iðgjaldið hefir verið áætlað of lágt, greiðist það, sem á vantar eftir áramótin, ásamt hinu áætlaða iðgjaldi næsta árs, en ef iðgjaldið hefir verið áætlað of hátt, gengur það, sem ofreiknað hefir verið, upp í iðgjöld næsta árs eða endurgreiðist, ef fyrirtækið hættir að starfa.

Nú sannast, að krafín hafa verið of há iðgjöld. Ber þá að endurgreiða það, sem sannanlega hefir verið of hátt krafið. Þó skal slík endurgreiðsla aldrei ná lengra en 2 ár aftur í tímann.

Á sama hátt hefir tryggingin ekki rétt til að innheimta vangreidd iðgjöld lengur en 2 ár aftur í tímann.

Reikningsskil.

21. gr.

Innan loka hvers mánaðar skulu skráningarstjórar og lögreglustjórar hafa sent frá sér, beint til slysatryggingarinnar, þau iðgjöld, sem til þeirra eru komin, að frádregnum innheimtulaunum. En fyrir lok febrúarmánaðar skulu þeir senda tvírtaðan reikning fyrir umliðið ár, ásamt fylgiskjölum í því formi, sem slysatryggingin ákveður, og skal þá um leið standa skil á því, sem ógaldið er af iðgjöldum fyrra árs.

Forstjóri tryggingarinnar gerir féð arðberandi í sparísjóði, eða með því að kaupa bankavaxtabréf eða önnur trygg verðbréf. Skal rita á þau, að þau séu eign slysatryggingarinnar.

Tryggingarvanræksla.

22. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld fyrir tryggingarskylda menn. Skulu þeir þó jafnt teljast tryggðir, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæta auk þess sektum samkvæmt 27. grein.

Endurskoðun reikninga.

23. gr.

Ársreikningur slysatryggingarinnar skal endurskoðaður ásamt öðrum ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins á sama hátt og reikningar ríkisstofnana og birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Undanþága frá tryggingarskyldu.

24. gr.

Tryggingarstofnunin getur undanþegið tryggingarskyldu minni háttar starfsemi, sérstaklega utan kaupstaða og kauptúna, ef sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

Ýms ákvæði.

25. gr.

Rísi upp ný starfsemi, sem ekki er tilgreind í reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda um slysatryggingar, heimilast Tryggingarstofnuninni, með samþykki atvinnuáráðuneytisins, að ákveða iðgjald fyrir slíka starfsemi í samræmi við þá áhættu, sem ætla má að starfinu fylgi.

221

21. febr.

Forstjóri tryggingarinnar setur, eftir því sem þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar, og skal það tilkynnt umboðsmönnum hennar (skráningastjórum og lögreglustjórum) með umburðarbréfi.

26. gr.

27. gr.

Brot gegn slysaftryggingarlögunum og reglugerð þessari varða 50—1000 kr. sektum, er renni til slysaftryggingardeildar. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni, útgefin 28. des. 1931, og reglugerð um áhættuflokkun, útgefin 1. marz 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

222

21. febr.

REGLUR

um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysaftryggingar.

Áhættuflokkun.

Frá 1. janúar 1939 ákveðst áhættuflokkun og iðgjöld fyrir slysaftryggingar, samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, svo sem hér segir:

	Aurar á viku
1. áhættuflokkur	15
2. —	25
3. —	40
4. —	60
5. —	80
6. —	100
7. —	120
8. —	150
9. —	200
10. —	300
11. —	600
12. —	2500

Vikan leggst til grundvallar, og er eining fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupid sé miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupid er tímakaup eða dagkaup reiknast 48 klukkustundir, eða 6 dagar, sem ein vika. Árið reiknast 52 vikur. Telja skal saman tíma allra þeirra, sem tryggðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgangur, telst sem heil vika.